

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meirihluta Umhverfis- og samgöngunefndar.

Engin þörf er á viðbótarskattlagningu vegna vegaframkvæmda. Þær borga sig upp sjálfar á nokkrum árum með þeim sparnaði sem þjóðfélagið nýtur í fækkun dauða- og alvarlegra slysa.

Hvert banaslys kostar samkvæmt skýrslu sem samgöngustofa gerði árið 2017, 659,6 milljónir.

Eins og kemur fram í skýrslunni þá kostuðu banaslys og alvarleg slys það ár yfir 20 milljarða. Sjá hlekk (i) hér fyrir neðan Bls.46.

Einig má benda á frétt Víkurfrétta frá 12.01.2016 þar sem kemur fram að engin banaslys hafi orðið á Reykjanesbraut frá því hún var tvöfölduð.

Sparnaðurinn kemur strax fram og aukaskattlagning af þessu tagi því algjörlega óþörf og má segja að þarna sé dulbúin skattahækkun sem virðist vera ástfóstur nokkurra þingmanna.

Ég bendi á að samkvæmt áætlun vegagerðarinnar þá kostar tvöföldun Reykjanesbrautarinnar þ.e. þeim kafla sem er ólokið er kr. 10 milljarðar

Kostnaður við að klára tvöföldun Reykjanesbrautarinnar er áætlaður um 10 milljarðar. Innifalið í þeirri upphæð eru mismög gatnamót við Krýsuvíkurléið og Fitjar.

[https://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/07/11/kostnadur\\_vid\\_tvofoldun\\_10\\_milljardar/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/07/11/kostnadur_vid_tvofoldun_10_milljardar/)

Tvöföldun Vesturlandsvegar að Hvalfjarðargöngum og tvöföldun vegar milli Hveragerðis og Selfoss kr. 40 milljarða (Árið 2006 var talað um að tvöföldun suðurlands og vesturlandsvegar mundi kosta um 20 milljarða. Gróft reiknað hefur sú tala tvöfaldast.)

Við höfum hvorki tækjakost né mannafla til að ráðat í allar þessar framkvæmdir á sama tíma þó við getum byrjað á þeim öllum samtímis þá tæki hvert verk bara lengri tíma. Það er því ekkert til fyrirstöðu að byrja og ávinningurinn mun svo sjá um að borga framkvæmdirnar.

Vilji er allt sem þarf.

<https://www.samgongustofa.is/media/umferd/skyrslur/Slysaskyrsla2017.pdf>

<https://www.fib.is/is/um-fib/frettir/hvert-banaslys-kostar-6596-milljonir-krona>

<http://www.vf.is/frettir/ekkert-banaslys-a-reykjanesbraut-fra-tvofoldun--fimmtan-ar-fra-thusund-manna-borgarafundi/68802>

--

Með kveðju,

Alfreð Hafsteinsson